

10.12.2004
1A3g/75/222/55/LÓ/rlg

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um græðara.

Ég þakka fyrir að fá tækifæri til að gera athugasemdir við lagafrumvarpið.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að fyrirmynd er sótt til Noregs og Danmerkur.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að starfsemi græðara flokkist undir heilbrigðisstarfsemi, og sé háð eftirliti landlæknis svo framarlega sem þeir skrá sig í frjálsa skráningarkerfið. Óskráðir græðarar eru undanskildir eftirliti landlæknis en háðir lögum um græðara.

Greinilegt er að ætlunin er að ná markmiði laganna með því að gera það aðlaðandi kost að uppfylla skilyrði skráningarkerfisins og þannig að fá sem flesta til starfa samkvæmt þeim skilyrðum. Og væntanlega í tímans rás munu flestir kjósa þann kost því hann laðar að viðskiptavini. Samt sem áður er það svo að þeir sem hvorki geta né vilja skrá sig í kerfið verða e.t.v. þeir sem helst þyrftu eftirlits með.

Í inngangi athugasemda við frumvarpið segir: “Skráningin er til marks um að þeir uppfylli tilteknar menntunarlegar og faglegar kröfur og felur því í sér ákveðinn gæðastimpil sem nýtist græðurum til að kynna starfsemi sína og veitir jafnframt notendum þjónustunnar ákveðnar upplýsingar um gæði hennar.”. Hér allt of mikið fullyrt. Minnst af þessu er hægt að standa við og frumvarpið gefur engin fyrirheit um gæðatryggingu og því er frumvarpið fjarri því að vera neytendafrumvarp. Það er ekkert sem bendir til þess að samhengi sé milli menntunarkrafna græðara og gæða þjónustunnar, enda ómögulegt að sjá í hverju gæði þjónustu græðara skulu fólgin þegar ekkert er vitað um árangur hennar. Þetta má þó ekki lesast svo að neytendur þjónustunnar geti ekki verið ánægðir með hana. En það gerir þjónustuna ekki að heilbrigðisþjónustu.

Með því að fallast á að flokka starfsemi græðara undir heilbrigðisstarfsemi er brotið blað á þann hátt að starfsemi sem skilgreinir sjúklinga sem markhóp sinn sé þar með

orðin heilbrigðisstarfsemi og geti fengið viðurkenningu á því. Afleiðingar þessa geta verið ófyrirsjáanlegar og margvíslegar. Eins og kemur fram í greinargerðinni er starfsemi græðara byggð á hefð og reynslu en ekki gagnreyndum vísindalegum niðurstöðum. Grundvallarhugmyndir um starfsemi líkamans eru í mörgu tilliti frábrugðnar því sem sannreynd læknisfræði hefur komist að og líkjast fremur trú en vísindum.

Með þessu er verið að víkja af þeirri braut sem stefnt hefur verið að síðustu öld, að minnsta kosti, að gagnreyna þekkinguna eins og best við getum. Breytir þar engu um að margt sem gert er í vestrænni hefðbundinni læknisfræði hefur ekki slíka staðfestingu bak við sig. Stefnan er sú að auka við þekkinguna eftir viðurkenndum leiðum og starfsfólk hefðbundinna lækninga hefur viðurkennda vísindalega aðferðafræði til þess að styðja við dómgreind sína. Er því sá samanburður sem gerður er í athugasemdum um 2. gr. frumvarpsins ekki við hæfi þar sem segir: *Dótt tekið sé fram að aðferðir græðara byggist fremur á hefð og reynslu en gagnreyndum vísindalegum niðurstöðum er hvorki útilokað að aðferðir græðara geti í einhverjum tilvikum verið gagnreyndar né heldur að innan heilbrigðiskerfisins sé í einhverjum tilvikum beitt aðferðum sem byggjast fremur á hefð og reynslu en gagnreyndum vísindum.*”

Hvað nákvæmlega er verið að fara með frumvarpinu er óljóst þrátt fyrir góð fyrirheit. Veikleiki þessi kemur m.a. fram í 7. gr. þar sem segir í 5. mgr.:

“Heilbrigðisstofnunum er heimilt að koma til móts við óskir sjúklinga sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara þar sé það í samræmi við stefnu stofnunarinnar.”

Hvað er verið að segja hér? Eiga græðarar að hafa einhvern sérstakan rétt eða þarf að taka einhverja sérstaka afstöðu gagnvart græðurum frekar en öðrum sem eru tilkippilegir að selja sjúku fólki á stofnunum þjónustu sína? Í sjálfu sér er ekkert á móti því að nýta sér þessa þjónustu, en hún á ekki að fá sess sem heilbrigðisþjónusta, ekki frekar en aðstoð vana og ættingja sjúklinga eða ýmissa annarra sem geta látið sjúku fólki líða betur. Kröfur og mörk fagmennsku í heilbrigðisþjónustu geta liðið fyrir þegar farið er að flokka svona starfsemi til heilbrigðisþjónustu.

Þá er lítið vitað innan heilbrigðiskerfisins um starfsemi græðara, þær megin reglur, sem þeir starfa eftir og þá “skóla” sem í gangi eru meðal hinna ýmsu greina græðara. Því er mjög varasamt að steypa þessari starfsemi inn í lög og reglugerðir eins og um heilbrigðisþjónustu sé að ræða hvað svo sem þeir gefa sig út fyrir að vera.

Verið að gera lækna á vissan hátt ábyrga fyrir starfsemi græðara með því að opna á aðkomu græðara að meðferð sjúklinga eins og gert er í 7. gr., 1. mgr.: *“Meðferð vegna alvarlegra sjúkdóma skal einungis veitt af löggiltum heilbrigðisstarfsmönnum. Þetta gildir þó ekki ef sjúklingur óskar eftir þjónustu græðara eftir samráð við lækni”*. Þetta inniber að lækna kunnir skil á fræðum græðara svo þeir geti tekið lærða afstöðu til óska sjúklings.


Alþekkt er að fólk neytir ýmissa ráða til þess að auka á vellíðan sína og bæta heilsuna bæði vegna geðrænna og líkamlegra kvilla. Rannsóknir hafa sýnt að fólk fer og kaupir sér föt eða aðra hluti, fer í hársnyrtingu, fótisnyrtingu, bíó eða sund og margt fleira til þess að bæta líðan sína bæði andlega og líkamlega. Næsta stig gæti orðið að kenna slíka starfsemi við lækningar jafnvel að leita ráðfærslu við lækna áður en farið er í bíó kjósi þessir aðilar að kenna starfsemi sína við heilsutengda starfsemi.

Það er tími til kominn að gera ramma heilbrigðismála skýrari því sterk tilhneiging er til að setja ýmsar athafnir hins daglega lífs í læknisfræðilega súrsun (medicalisera). Vitanlega er þetta gert í bestu meinningu og á þeim forsendum að fátt er það sem ekki hefur einhver áhrif á líf okkar og heilsu en mál er að linni.

Í greinargerðinni með frumvarpinu segir að um sé að ræða neytendalög og kann eitthvað að vera til í því. En með því að gera starfsemi græðara að einhvers konar heilbrigðisþjónustu er verið að þokukenna hugtakið heilbrigðisþjónusta all verulega og nánast lát þeim sem gera tilkall til þess að vinna við græðingu að ákvarða það sjálfir hvenær það á við. Engin ástæða er til að amast við starfsemi græðara en miklu viturlegra er að semja lög um starfsemi af þessu tagi, neytendalög, sem vernda fólk gegn óheiðarleika og fjárplógsstarfsemi að því marki sem það er unnt og rétt. Gildir þá einu hvort viðkomandi græðari vill skrá sig í frjálst skráningakerfi eða ekki. Slík lög ættu ekki að heyra til lagaumhverfi heilbrigðismála heldur afþreyingar.

Verði frumvarpið að lögum vil ég benda á einn hortitt. Í 3 gr. er skráðum græðurum skylt að hafa skráningarskírteini sitt á áberandi stað á starfsstöð sinni. Þessi kvöð er óskiljanleg. Hví ber græðaranum að flíka því að hann sé skráður?

Virðingarfyllst,



Lúðvík Ólafsson
lækningaforstjóri.